

Nd.

170. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp þetta, sem flutt er til staðfestingar bráðabirgðalögum frá 23. júní s. l. Hún hefur rætt það á fimm fundum og kvatt til viðræðna á tveim þeirra stjórn og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, sem látið hafa nefndinni í té ýmis gögn og upplýsingar um hag og rekstrarafkomu þeirrar stofnunar. Kemur þar m. a. fram, að á síðasta ári varð 1.6 millj. kr. halli á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og eru þá ekki meðtalin vanskil við Orkusjóð á árunum 1967 og 1968, er nema samtals 19.2 millj. kr. Gerð hefur verið rekstraráætlun fyrir árin 1969 og 1970, og samkvæmt henni er áætlaður halli yfirstandandi árs 3 millj. kr., en 1970 er áætlað, að reksturinn verði í jafnvægi. Er þar miðað við þá hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem frv. þetta gerir ráð fyrir og er um 35 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1970, en allt að 17.5 millj. í ár, vegna gildistöku bráðabirgðalaganna 1. júlí s. l. Þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins mun að dómi Rafmagnsveitna ríkisins geta valdið 4—5% hækkun á smásöluverði rafmagns til notenda.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér og stuttlega hefur verið vikið að hér að framan, telur hún, að í frumvarpi þessu felist nauðsynlegar ráðstafanir fjárhag og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til styrktar. Nefndin leggur þó til, að gerð sé minni háttar breyting á 7. gr. frv. og flytur um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1969.

Matthías Á. Mathiesen,
form.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Guðl. Gíslason.

Þórarinn Þórarinsson.

Lúðvík Jósefsson.